

**Sp.**

## **975. Tillaga til þingsályktunar**

um gjaldeyri vegna innflutnings á efni til húsbýgginga og iðnrekstrar.

Flm.: Snorri Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að gjaldeyrisleyfum verði úthlutað þannig, að efnivörur til bygginga og hráefni til iðnrekstrar hafi forgangsrétt á eftir brýnustu nauðsynjavörum, svo tryggt sé, að ekki komi til stöðvunar á húsbýggingum og í iðnrekstri, sem mundi valda stórfelldu atvinnuleysi í Reykjavík og víðar og mikilli truflun á atvinnulífi yfirleitt.

### **Greinargerð.**

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve skortur á efni, sem nauðsynlegt er til íbúðarhúsbýgginga, tefur fyrir byggingu íbúðarhúsa í Reykjavík og víðar á landinu og gerir þau dýrari en þyrfti að vera, ef efni, sem til þeirra þarf, væri til taks, þegar úr því þarf að vinna. Það er t. d. algengt nú og hefur svo verið undanfarið, a. m. k. hér í Reykjavík, að smíði húsa hefur tafizt í marga mánuði vegna skorts á efni til miðstöðvarlagna.

Það er staðreynd, að byggingarvöruverðlanir hafa raunverulega ekkert á boðstólum, sem til miðstöðvarlagna þarf. Þeir, sem stunda þessa vinnu, verða að standa á stöðugu hleri um það, hvort í hinu eða þessu húsinu, sem nýlokið er við að byggja, muni ekki vera til einhverjir afgangar af efni, sem falt væri.

Hér er efnisskortur til miðstöðvarlagna aðeins tekinn sem dæmi. Fleira mætti upp telja, sem tilfinnanlegur skortur er á, t. d. hreinlætistæki hvers konar, gólfdukar, málning og fernisólía o. fl. o. fl.

Það er augljóst mál, að slíkt ófremdarástand verður að lagfæra, ef húsbýggingar eiga ekki algerlega að stöðvast og þar með að skapast atvinnuleysi meðal þeirra manna, sem vinna við húsbýggingar.

Með efni til iðnrekstrar er hér átt við hráefni, sem verksmiðjur, er starfa að ýmiss konar iðju, þurfa til framleiðslu sinnar.

Í viðtali, er framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda átti við fréttamenn Þjóðviljans og Vísis fyrir nokkru síðan, skýrði hann frá því, að nokkrar verksmiðjur í Reykjavík hefðu neyðzt til að segja upp starfsfólki sínu vegna efnisskorts, og að fleiri verksmiðjur yrðu að gera það sama á næstuunni, ef ekki rættist úr með innflutning nauðsynlegs hráefnis.

Á aðalfundi Félags íslenskra iðnrekenda, sem haldinn var þann 13. þ. m., var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Þar sem hráefnisskortur iðnaðarins er orðinn svo tilfinnanlegur, að nokkrar verksmiðjur hafa þegar hætt störfum og stöðvun er fyrirsjáanleg hjá öllum þorra verksmiðjanna, skorar fundurinn á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar verði bætt úr hráefnaskortinum, með því að veita iðnaðinum nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.“

Í viðtali, sem ég átti við framkvæmdastjóra Félags ísl. iðnrekenda, sagði hann, að iðnrekendur hefðu sára lítil gjaldeyrisleyfi fengið síðan fyrir áramót s.l. og margir hefðu alls engin leyfi fengið. Iðnrekendur munu enn ekki hafa fengið ákveðin loforð frá viðkomandi yfirvöldum um nauðsynleg gjaldeyrisleyfi til hráefnakaupa. Enn fremur sagði framkvæmdastjórinn, að ef ekki rættist úr með gjaldeyrisleyfi mjög bráðlega, þá stæði fyrir dyrum að loka tveim stórum verksmiðjum hér í Reykjavík í viðbót, en í þeim vinna 65 manns.